



Guðný Einarsdóttir er menntaður tónmenntakennari og organisti en hún útskrifaðist úr tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík vorið 2001 og lauk námi í kirkjutónlist frá Konunglega Tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn 2006. Í tónmenntakennaranáminu kynnti hún sér aðferðir við tónlistarkennslu ungra barna og kenningar um tónlistarþroska en tónlistarnámskeiðum fyrir ungbörn í kirkjum kynntist hún fyrst við nám sitt í Danmörku. Hún hefur verið organisti í Fella- og Hólakirkju frá 2007.